

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1053/2010**2012/EES/7/16**

frá 18. nóvember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 494/98 að því er varðar stjórnsýsluviðurlög í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að sannreyna auðkenni dýra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

ætlaðar til manndis (⁴) er mælt fyrir um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 (¹), einkum e-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 frá 27. febrúar 1998 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 að því er varðar beitingu vægustu stjórnsýsluviðurlaga í tengslum við kerfi um auðkenningu og skráningu nautgripa (²) var samþykkt á grundvelli e-liðar 10. gr. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 frá 21. apríl 1997 um kerfi vegna auðkenningar og skráningar á nautgripum og merkingar á nautakjöti og afurðum úr því (³). Sú reglugerð var felld úr gildi og í stað hennar kom reglugerð (EB) nr. 1760/2000.
- 2) Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 494/98 er kveðið á um að ef umsjónarmaður dýrs getur ekki sannreynt auðkenni dýrs innan tveggja virkra daga skuli dýrinu eytt tafarlaust undir eftirliti heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða og án bóta frá lögbæru yfirvaldi.
- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru

- 4) Í þeirri reglugerð er kveðið á um að opinber dýralæknir skuli ganga úr skugga um að dýrum sé ekki slátrað nema stjórnandi slátruhússins hafi mótttekið og skoðað viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið.
- 5) Einnig er í reglugerð (EB) nr. 854/2004 kveðið á um að opinbera dýralækninum sé heimilt að láta slátra dýrum í slátruhúsi jafnvel þótt viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið liggi ekki fyrir. Í því tilviki verður þó að láta í té allar viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið áður en skrokkurinn er metinn hæfur til manndis. Meðan beðið er endanlegar ákvörðunar skal geyma líka skrokka og tilheyrandi slátrumat aðskilin frá öðru kjöti.
- 6) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er einnig kveðið á um að ef viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið liggja ekki fyrir innan 24 klukkustunda frá komu dýrsins í slátruhúsið skuli dæma allt kjöt af dýrinu óhæft til manndis. Hafi dýrinu ekki enn verið slátrað skal aflífa það aðskilið frá öðrum dýrum.
- 7) Ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 854/2004 leiða þar af leiðandi til þess að dregið er úr þeirri áhættu sem heilbrigði manna stafar af dýrum sem ekki hafa verið sanngreind. Af þeim sökum hefur eyðing dýra, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 494/98, nú fyrst og fremst fyrirbyggjandi áhrif og stuðlar að auðkenningu dýra í öðrum tilgangi en vegna matvælaöryggis.
- 8) Dýr af óþekktum uppruna geta haft áhrif á heilbrigðisástand dýra á svæðum þar sem þeim hefur verið haldið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 303, 19.11.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

(¹) Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 60, 22.8.1998, bls. 78.

(³) Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 1.

(⁴) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

- 9) Fengin reynsla af beitingu reglugerðar (EB) nr. 494/98 hefur sýnt að ströng tveggja daga tímamörk eru ekki nægileg til að meta á tilhlýðilegan hátt deili á dýrum sem ekki hafa verið sanngreind. Aðildarríki skulu hafa tilskilinn, stjórnsýslulegan ákvörðunarrétt til að meta ástandið á grundvelli áhættugreiningar og beita viðurlögum í réttu hlutfalli við brotið.
- 10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 494/98 til samræmis við það.
- 11) Nefndin um landbúnaðarsjóði hefur ekki skilað álitni innan þeirra tímamarka sem formaður hennar setti.
- SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:
- 1. gr.*
- Í stað 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 494/98 komi eftirfarandi:
- „2. Ef umsjónarmaður dýrs getur ekki sannreynt auðkenni dýrs og rekjanleika þess skal lögbært yfirvald, eftir því sem við á, á grundvelli mats á áhættu fyrir heilbrigði dýra og matvælaöryggi, fyrirskipa að dýrinu skuli eytt án þess að bætur fáiast greiddar.
- 2. gr.*
- Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.
